

LEIFUR.

3. ár.

innvið, Manitoba, 5. marz 1886.

Nr. 39

Vikublaðið „LEIFUR“ kemur út á hverjum föstudag og forfallalansu. Argangurinn kostar \$2.00 í Ameríku, en 8 krónur í Norðurlöndum. Stúlum einn áttundi. Uppsögn á blaðinu gildir ekki, nema með 4 mánaða fyrirvara.

REYKJAVÍK, 2. desember 1885.

Barnaskóli í Haukadali í Dýrafirði. Skrifad að vestan 6. f. m.: Laugar. daginn var, 31. okt., var vígður barnaskóli í Haukadali, stórt og vandað og fagurt timburhús, sem 4 menn í Haukadali, búlausir allir, hafa byggt af eigin efnum og stofnað skólann. Andrjes skipstjóri Pjetursson hefir sjálfur lagt fram allan aðalkraftinn, og á þó ekkert barn. Hann vinnur fyrir aðra.

REYKJAVÍK, 2. desember 1885.

Mannalát. Nýfrjett er að norðan með ferðamönnum lát hins ágæta öldungs Ásgeirs alþingismanus Einarssonar á þingeyrum. Hann andaðist seint í f. m.: var jarðaður 4. p. m.

Hinn 12. okt. p. á. sáladist að Geldingaholti í Skagafirði merkis og sóma konan Guðrún Þorleifsdóttir, áttatlu ára gömul.

REYKJAVÍK, 6. jan. 1886.

Tíðarfar. Það er nú býsna veifrarkennt hér um slóðir; fannkomur miklar og frost toluverð með köflum. En fram til jóla mun veturinn hafa verið allgóður víðast um land, og fram yfir það sumstaðar.

REYKJAVÍK, 27. jan. 1886.

Bergur Torberg landshöfðingi andaðist 21. p. m., stundu fyrir miðjan morgun. Hann gekk alheill til rekkju kvöldið fyrir, en vaknaði um miðja nótt við verk í bakinu. Er hann hafði kennt við og við hin síðustu misseri, en lungi vera gigt. Verkurinn leið frá eptir tilraun lækis Dr. Jónasens, en tók sig upp aftur. Er á leið nóttina. Var þá vitjað landlæknis Schierbecks, er ekki hafði meðhöndlað hann áður; en þegar hann kom, var landshöfðingi örendur. Landlæknir ætlar, að dauðameinið muni hafa verið ólæknandi sjúkdómur sá er kallaður er blóðsekkur (aneurysma) á hinni stóru æð, er allt blóð rennur um frá hjartanu, og hafi æðin sprungið að lokum.

Bergur Ólafsson Thorberg var fæddur 23. janúar 1829, að Hvanneyri í Siglufirði. Faðir hans var Ólafur prestur Hjaltason. Hann ólst upp hjá foreldrum sínum í æsku, en síðan tók Arnór sýslumaður Árnason hann að sjer og styrkti hann til skólanams, fyrst í lærða-skólanum og síðan á háskólanum. Hann varð stúdent 1851 með fyrstu einkunn, og kandídat í lögum 1857 með 2. einkunn. Árið eptir varð hann assistent í dómsmálastjórninni, er þá hafði Íslenzkt mál til meðferðar, og gengdi hann þeirri sýslun þangað til 1865, er hann var settur amtmáður í vesturamtinu en amtmannsembættið var honum veitt ári síðar. Þegar vesturamtíð var sameinað suðuramtinu, varð hann amtmáður í báðum ömtum, og fluttist þá frá Stykki-hólmi til Reykjavíkur, vorið 1873. Hann var settur landshöfðingi 1882, er Hilmar Finsen fór utan og gegndi því embætti ásamt amtmannsembættinu til 1. maí 1883. Síðan gegndi hann landshöfðingjamectinu einu, og var honum veitt það ári síðar 7. maí 1884.

Hann var konungskjörinn þingmaður 1865 til 1883; forseti í efri deild og sameinuðu þingi 1881. Hann varð riddari af dannebrog 1870. dannebrogsmáður 1874 og kommandör af dannebrog 1885.

Hann var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Sesselja Þórðardóttir, stúdent frá Sviðholti

stjórð er Bjarnar Guðnauðssonar yfirkennd; hún dó í 68. barlami. Árið 1873 gekk hann að eigi. Einnborgu Pjetur dóttur biskups, er lifir hann ásamt öllum þeim ra, Sesselju og Pj. tri.

Reykjavík, 26. janúar 1886.

Tíðarfar. Enn er sama hellan yfir allt af snjókyngi og klaka; fer varla fugl í nef sitt. hvað þá heldur nokkur ferfætt skepna. Er sömu tíð að frjetta að norðan með veruönnum. En staðviri hafa verið nú vikutíma.

Aflabroð. Suður í Garðsjó og Leiru er ein göður afli í flestum rötum, þó misskipt sje nokkuð. Somuleiðis hákarlsafli nokkur á Akranesi. En austan fjalls aflalaust.

REYKJAVÍK, 3. febrúar 1886.

Aflabroð. Nu um síðustu helgi reyndi almennigur til fiskjar í Garðsjó og Leiru. Þar sem verið hefir göður afli að undanförm, er gefið hefir, en varð nú alls eigi var hvern daginn eptir annan. Vita menn því eigi betur en nú muni vera hér allstaðar þurr sjór, og kenna flestir það gegndarlansri löðabrukun. — Við Isafjardardjúpi allgóð aflabroð síðan um jól.

Jarðarfor landshöfðinga á að fara fram föstudag 5. p. mán. um hádegis.

Daginn sem pótskipið fór frá Khöfn, 15. janúar, andaðist yfirpresident, fyrrum landshöfðingi Hilmar Finsen, eptir miklar þjauingar af ólæknandi sjúkdómi, krabbameini í muninum. Hans muu síðar frekar minnst.

(Ísafold).

Eigandaskipti að blóðum. Alþingism. Jón Ólafsson sem um 3 undanförm ár hefir verið eigandi og ritsjóri „Þjóðólfs“, hefir nú selt blaðið þorleifi Jónssyni Cand. Phil., er tók við útgáfu þess og ritsjórn með byrjun 38. árgangs. Helder bl. sömu stefnu í þjóðmálum framvegis eins og að undanförm, kemur út jafnopt, 50—60 arkir um árið, og kostar eins og í fyrra 5 kr. erlendis.

Fjallkonan. Herra Sigurður Kristjánsson, sem getið hefir út „Fjallkonuna“ síðastl. ár, hefir selt eignarrjett og útgáfurjett sinn að blaði þessu frá byrjun þessa árs ritsjóra Valdimar Asmundssyni, sem eins og hingað til hefir ritsjórn þess á herði og hefir hann nú tekið við útgáfu þess.

Stormurinn (The Tempest) eptir W. Shakespeare, Íslenzkt þýðing eptir Eirik Magnússon M. A. er nú komin út. Verð 3 kr. (Eptir þjóðólfi).

FRJETTIR UTLENDAR.

Er Norðurlöf eru engin stórtíðindi að frjetta. Stórþing Bretar var opnað aptur hinn 18. f. m., og í ræðunni er Gladstone þá flutti, kvæðst hann mundi taka hið írsku spursmál fyrir undir eins og lokið væri við þau mál er lytu að fjárhag ríkisins. Kvæðst hann vonast eptir, að um 22. p. m. yrði þingið búið að koma á sinni svo fyrir borið að það þá gæti tekið til við írsku málið, ef ekki allt í heild sinni þá samt part af því. Í ræðu sinni fullvissad hann frá um að stjórnið hefði aldrei ásett sjer að taka upp þvingunar (Coercion) lögin á Írlandi.

Fyrir rúmri viku ferðaðist Churchill lávarður yfir til Írlands til að flytja ræðu á fundi Oraniamanna, er haldin var í Belfast. Talaði hann þar margt og mikið um atferli Parnelli's sem hann kvæð fara með ósannindi þegar hann þættist-tala-máli allra Íra. Voru partar í ræðu hans svagrófir, að það mátti heita að hann

skoraði á alla mótmælenda trúarmenn á Írlandi, að taka til vopna ef á þyrfti að halda, til að hindra að Parnell og Gladstone kæmu írsku löggjafarþingi á fót í Dublin. En þessar ræður hans gjöra ekki eins mikið að verkum og hann má ske ætlast til, fyrir þá skuld, að öllum er kunnugt um það, að meðan Salisbury sat að völdum, gekk Churchill fram eins og hetja í að fá því framgengt, sem hann nú rifur niður og lastar svo mjög. Og hefir Salisbury setið að völdum nú, þá er engin ef á, að Churchill hefði setið við að semja frumvörp til laga um stofnun löggjafanda stjórna á Írlandi. Eigi að síður gjöra þessar ræður mikið illt að því leyti, að þær fjarlægja í anda enn meir hina tvo trúarlokka Írlands, æsa hvern þeirra upp á móti hinum og þannig gjöra verk stjórnaðinnar en torveldara en það mætti vera, ef reynt væri að sameina flokkana í stað þess að sundra þeirri litlu sameiningu sem þeir kynni að hafa.

Er upphlaupina í London, sem fyrir nokkru var getið um, varð ekkert verulegt. Fjórir eða fimm fyrirliðarnir voru teknir fastir, og standa nú yfir rannsóknir í málinu gegn þeim. Þó er ekki enn þá gróíð um heilt og verður ekki fyrr en byrjað verður á einhverjum opinberum verkum, svo að þessi skari atvinnulausra verkamanna fái vinnu og geti aflað sjer víðurvaris. Sunnudaginn 23. f. m. flyktust saman full 50 þúsund verkamanna í Hyde-Park, til að ræða um þetta sama spursmál, atvinnuleysið. Engin lagabrot voru framín, og eptir nokkurn tíma tókzt ríðandi lögreglumönnum að sundra samkomunni, án þess nokkur meiddist.

Bismarck og þáfinn. Í fyrri viku kom Bismarck með þá uppástungu á þinginu, að hin svonefndu mál lög skyldu afnumin, sem sýnir að karl er viljugur að begja sig fyrir þáfanum, ef hann einungis fær fylgi þáfatráarmanna á þingi til að geta komið þeim málum áfram, sem gagnstæð eru þjóðviljanum. Þessi mál-lög samdi Bismarck og fjeck samþykkt á þingi í malmánuði 1873; eru það fjórar lagagreinar. Hin fyrsta tiltekur, að frá borgaralegu sjónarmiði skuli engin sá alltast að hafa framíð uciná ósvinnu, sem hin kapólska kirkjustjórn dæmir brotlegan. Hin önnur grein tiltekur, að allir kapólskir guðfræðis stúdentar skuli ganga undir próf við latínuskóla og háskóla ríkisins. Hin þriðja gaf þeim loford um verndan laganna, sem sektu eptir að losa sig undan valdi þáfakirkjunnar. Hin fjórða gaf keisaranum dómvald í öllum ágreiningsmálum milli kapólskra presta. Þessi lög er Bismarck viljugur til að aftaka nú, svo framarlega sem hann fær fylgi hinna kapólska á þinginu; og það fær hann efalaust. Hans grimmustu fjendur gegna og hlýða boðum hans möglunarlaust. Þegar hann svo vill, ekki slizt, ef þeir hafa von um vivattu hans og einhverja hagsmuni að auki. Með fylgi sinna kapólsku fylgjend getur hann nú að líkindum fengið samþykkt frumvarpið um brennivins verzlun, er gefur stjórniðni ótakmarkað einveldi yfir verzlun áfengra drykkja, og þannig gefur henni vald til að selja svo dýrt sem henni þóknast, og með því auka inntektir ríkisins stórkostlega.

Það hefir verið samþykkt á þingi Frakka, að gefa stjórniðni vald til að reka hina frönsku prinza úr landi, ef henni ræður svo við að horfa. Var það í fyrstu ákvörðunin að vísa þeim burt sem sljótast, en það tókzt ekki.

Áf Balkanslaganna heyrir ekkert nú um tíma; friðartíminn, sem í vetur var ákveðin, er nú um þessar mundir útruðinn, svo þá má búast við að eitthvað heyrir þaðan, annað hvort um sátt og samnæli eða um ófrið að nýju. Það